



Vesturlandsskógar
Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2011.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	35
Inngangur	36
Veðurfar	36
Vöxtur og þrif trjágróðurs	37
Fjárveitingar	37
Stjórn Vesturlandsskóga	38
Samningar við bændur	38
Helstu framkvæmdir	39
Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt	39
Áburðargjöf	40
Jarðvinnsla	40
Kortlagning og áætlanagerð	40
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni	41
Heimasíða Vesturlandsskóga	42
Töflur:	43-44

Viðauki I :

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2011

Viðauki II:

Ársreikningur Vesturlandsskóga 2011

Inngangur.

Árið 2011 var tólfta starfsár Vesturlandsskóga. Starfsmenn voru aðeins tveir: Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson. Sá Guðmundur m.a. um úttektir á nýjum gróðursetningum, færði sjóðsbók og sá um heimasíðu.

Veðurfar.

Ársins 2011 verður kannski helst minnst vegna hinna þrálátu vorkulda, sem stóðu frá því í maí og fram í júlí. Hins vegar var meðalhiti ársins $1,1^{\circ}\text{C}$ yfir meðaltali árána 1961-1990, sem er það tímabil, sem nú er miðað við, þegar rétt er um meðalhita og á þann mælikvarða telst árið hafa verið hlýtt. Þetta viðmiðunartímabil var $0,6^{\circ}\text{C}$ kaldara en næsta 30 ára tímabil þar á undan. Og víst er, að eftir að hlýnaði í júlí, var sumarið ágætlega hlýtt og haustið einnig.

Hitinn í janúar var liðlega tveimur gráðum yfir meðallagi, bæði í Reykjavík og í Stykkishólmi. Var venju fremur vindasamt í janúar. Febrúar 2011 var eins og janúar óvenjuhlýr og hiti að meðaltali nær 2°C yfir meðallagi á Vesturlandi og afar úrkomusamt. Hiti marsmánaðar var í meðallagi á Vesturlandi. Úrkoma var óvenjumikil og féll stundum mikill snjór á stuttum tíma, t.d. á svæðinu í kringum Hvanneyri. Aprílmánuður var hlýr, en ekki nærri eins hlýr á Vesturlandi eins og austanlands. Var hitinn í Reykjavík og í Stykkishólmi $1,2^{\circ}\text{C}$ og $2,2^{\circ}\text{C}$ yfir meðallagi í apríl, sem er svo sem ekkert óvenjulegt, meðan hitinn á Akureyri og á Egilsstöðum var 4°C yfir meðallagi, sem er mjög nærri því að vera met. Apríl var votviðrasumur vestanlands, sem er óvenjulegt. Einnig var mikið um hvassviðri. Maímánuður var óvenjuhlýr framan af. En þann 19. maí kólnaði mjög um allt land og var eftir það óvenjukalt miðað við árstíma. Sá nokkuð á trjágróðri sums staðar, en varla hægt að tala um mikið tjón á trjágróðri vestanlands. Aðra sögu er að segja af NA- og Austurlandi, þar sem verulegt tjón varð á trjágróðri og plöntum í gróðrarstöðvum. Maí var í heildina lítið eitt hlýrri en í meðallagi á Vesturlandi, þrátt fyrir hið slæma kuldakast. Er þetta gott dæmi um, hve meðaltöl geta gefið brenglaða mynd. Júní var vægast sagt óvenjukaldur, ef miðað er við undanfarin ár. Hitinn í Reykjavík var þó $0,2^{\circ}\text{C}$ yfir meðallagi, sem er þó kaldasti júnímánuður síðan árið 1999, en svipað og árið 2006. SV-hornið slapp hins vegar mun betur en aðrir landshlutar. Í Stykkishólmi var hitinn í júní $0,9^{\circ}\text{C}$ lægri en meðaltalið 1960-1990, sem var raunar tiltölulega kalt tímabil, eins og áður segir. Til samanburðar var júnímánuður á Egilsstöðum sá kaldasti frá því mælingar hófust, sem var fyrir 57 árum, enda $2,7^{\circ}\text{C}$ kaldara en í meðalári, sem þó var kalt viðmiðunartímabil. Júnímánuður var afar þurr vestanlands. Þegar nokkrir dagar voru liðnir af júlí brá til betri tíðar og var júlí $1,6-1,7^{\circ}\text{C}$ hlýrri en í meðalári í Reykjavík og í Stykkishólmi (en sá kaldasti síðan 2006, sem sýnir, hve undanfarin ár hafa verið afbrigðilega hlý sumur). Miklir þurrkar gengu á Vesturlandi, en Reykjavík slapp við þurrkana, því þar var úrkoma 87% af því sem gerist í meðalári. Víða þornuðu vatnsból á Vesturlandi. Ágúst mánuður var þökkalega hlýr eða $0,8-0,9^{\circ}\text{C}$ yfir meðalári vestanlands. Þurrkarnir héldu áfram og voru þurrkamet slegin í Borgarfirði. September var hlýr. Var hitinn $2,1^{\circ}\text{C}$ yfir meðallagi í Reykjavík og $1,6^{\circ}\text{C}$ umfram meðallag í Stykkishólmi. Þurrkarnir héldu áfram á Vesturlandi en undir lok mánaðarins kom langþráð rigning. Sumarið í heild (júní-september) var hlýtt í Reykjavík, $1,2^{\circ}\text{C}$ yfir meðallagi, en tiltölulega svalara norðar á Vesturlandi. Október var lítillaga hlýrri en meðaltalið en svipað hlýr og undanfarin 10 ár. Úrkoman var venju fremur ríkuleg vestanlands í október. Nóvember var óvenjuhlýr, eða $3,2^{\circ}\text{C}$ og $2,6^{\circ}\text{C}$ hlýrri en meðaltalið í Reykjavík og í Stykkishólmi. Hið hlýja haust hefur vonandi leitt til þess, að trjágróður náði að búa sig vel undir vetur, en óhætt er að segja, að vetur hafi lagst að undir lok nóvember og varð desember óvenjusnjóþungur vestanlands og kaldari en í meðalári svo munaði

1,8°C og 1,2°C í Reykjavík og í Stykkishólmi. Aldrei frá því mælingar hófust hafa verið jafnmargir dagar með alhvíta jörð í Reykjavík í desember!

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Hretið, sem gerði nú eins og svo oft undanfarinn áratug í seinni hluta maí, stóð að þessu sinni fram í júlí. Þótt veður væri eðlilegt, það sem eftir lifði sumars, má segja, að rússalerkið hafi þurft allt sumarið til að jafna sig, en það hafði aðeins verið farið að lifna, þegar hretið skall á. Þess má þó geta, að mikið vantaði á, að rússalerkið færi jafnilla á Vesturlandi eins og á Héraði. Höfum við áður séð jafnmikið eða meira á rússalerki á Vesturlandi, án þess að varanlegur skaði hlytist af. Engu að síður er tíðni vorhreta í kjölfar mildra vetra orðin slík eftir aldamót, að ugg setur að um framtíð tegundarinnar. Bændur hafa margir viljað fá meira lerki en hægt hefur verið að verða við, þar sem tegundin er fljót til og fyrir þá, sem ekki hafa þeim mun lengri reynslu af skógrækt, getur reynt á þolinmæðina, hvað varðar tegundir eins og sitkagreni og jafnvel stafafuru, sem geta verið mörg ár að komast almennilega í gang. En sem rýrlendistegund virðist stafafuran vera miklu öruggari en rússalerkið, þótt finna þurfi afbrigði með heppilegra vaxtarformi en Skagwaykvæmið, sem mest hefur verið notað og reynst mjög öruggt gagnvart hvers kyns öfgum í veðurfari. Til stendur að setja út árið 2013 víða um land kvæmatilraun með stafafuru, þar sem m.a. verða prófuð kvæmi af kynbættum efniviði frá Norður-Svíþjóð. Ekki var mikið um sjúkdóma eða skordýraplágur. Þó er þess að geta, að á Skógarströnd og í Hörðudal varð vart við lirfu, sem lagðist á lyng og flestar tegundir trjáplantna. Skaðinn var mikill þar sem plágan gekk, en svæðin lítil að umfangi eða nokkur þúsund fermetrar. Talið er, að þarna hafi verið birkifeti á ferð og jafnvel einnig barrvefari, þótt ekki fengist það staðfest með óyggjandi hætti. Annars var trjávöxtur afbragðsgóður, ef lerkið er undanskilið. Stafafuran var t.d. með óvenjulanga árssprota, enda virðist lengd þeirra ráðast mest af hitafari árið áður. Sitkagreni hefur undanfarin þurrkaár vaxið einna best í jarðvegi, sem var metinn á mörkunum að vera of blautur, þegar ræktunaráætlun var gerð. Ótrúlega góður vöxtur var í alaskaösp eða góður metri, þar sem best lét. Auðvitað er vöxtur asparinnar misjafn eftir klónum og jarðvegi, auk veðurfars. Ösp, sem gróðursett var sumarið 1996 að Vilmundarstöðum í Reykholtssdal, sem fræplöntur í 35 gata bökkum, var mæld haustið 2011. Var um að ræða klóna af stýrðum víxlunum frá Mógilsá. Hæsta tréð reyndist vera 11,9 m á hæð, sem verður að teljast gott, því fræplöntur af ösp virðast yfirleitt vaxa hægar en stiklingaplöntur fyrstu árin eftir gróðursetningu. Aldrei hefur verið borið á þessar plöntur, en þær standa í frjóu graslendi, neðst í stuttri en brattri brekku.



Barrvefari(?) búinn að éta nær allt barr af ungri furuplöntu á Innra-Leiti á Skógarströnd.

Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu 2011 námu 50,5 milljónum króna miðað við 55,5 milljónir króna á árinu 2010. Þetta þýðir lækkun í krónutölu um 5 milljónir króna. Þegar tillit er tekið til þróunar vísitölu neysluverðs frá miðju ári 2005, þegar framlög til Vesturlandsskóga voru í hámarki (62,3 milljónir króna) og fram á mitt ár 2011, hefði framlag ríkissjóðs átt að nema kr. 97,5 milljónum árið 2011. Raunlækkun framlaga milli árána 2005 og 2011 hefur því verið 48,2%. Það skal viðurkennt, að stjórnendur Vesturlandsskóga hafa haft skilning á því, hvernig skera hefur þurft niður undanfarin ár í kjölfar hrunsins. Við getum ekki búist við öðru, þegar reynt er að hlífa heilbrigðis- og menntakerfinu, en að við finnum líka fyrir niðurskurði. Hins vegar verður það óneitanlega athygli, að á sama tíma og fjárveitingar til landshlutaverkefna í skógrækt og Skógræktar ríkisins eru skornar mikið niður, haldast fjárveitingar til Landgræðslunnar nær óbreyttar, en raunvirði fjárveitinga til Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa aukist mikið eftir hrun.

Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt þrjá fundi á árinu 2011. Stjórnina skipuðu Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður, Birgir Hauksson, sem hætti í apríl og tók þá við Arnlín Óladóttir, tilnefnd af Skógrækt ríkisins og Þórarinn Svavarsson, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

Samningar við bændur.

Árið 2011 voru gerðir nýjir skógræktarsamningar við eftirfarandi skógarbændur: Auðun Óskarsson á Rauðkollsstöðum (samningurinn tekur til áður umsamins skógræktarlands auk 117 ha ofan Snæfellsnessvegur); nýr samningur við Jón Zimsen á Innra-Leiti á Skógarströnd, sem innifelur eldri svæði og viðbót, samtals 455 ha, sem skiptast á 4 aðskilin deilissvæði; Lilju Guðmundsdóttur á Völlum, Kjalarnesi á alls 20 ha lands; Söðulsholt ehf. (Einar Ólafsson) um áður umsamið land og viðbót, samtals 78 ha; Kristin Aðalbjörnsson í Aðalvík í Hvalfjarðarsveit, nýr samningur um 47,4 ha lands og nýr samningur við Ragnar Sigurðsson, Kirkjubóli, sem innifelur áður umsamið land og viðbót, samtals 290 ha á tveimur aðskildum svæðum. Einnig var aflýst samningi við eigendur Einholts í Borgarbyggð, en þar hafði ekkert verið gróðursett.

Ástæða þess, að nú var talin ástæða til að gera nýja samninga, þrátt fyrir samdrátt í fjárveitingum, er sú, að nokkrir skógarbændur hafa nánast lokið við að gróðursetja í land sitt. Þetta á við um: Brekkukot, Deildartungu I, Ásgarð og Steindórsstaði í Reykholtssdal; Stóra-Ás og Skógarsel í Hálsaveit sem og Úlfsstaðir í sömu sveit, þar sem líklegt er, að gróðursetningu verði lokið að mestu árið 2011; Brennu í Lundareykjadal, þar sem áhugi gæti verið á að semja um meira land; Ferstiklu og Litlu-Fellsöxl í Hvalfjarðarsveit, þar sem hafa orðið eigendaskipti og líklegt, að ekki verði gróðursett meir í bráð; Svarfhóli í Svínadal og Ljarkoti í Dalabyggð. Alls eru þetta 12 jarðir. Á tveimur jörðum hefur verið hætt gróðursetningu vegna vanefnda beitafriðunarþátta samningsins. Auk þess eru allnokkrar jarðir, þar sem gerður hefur verið samningur, en ekki er líklegt, að verði gróðursett meir og sums staðar hefur aldrei verið gróðursett neitt. Þetta eru: Indriðastaðir í Skorradal, Hafþórsstaðir og Sveinatunga í Norðurárdal

(þar var búið að gróðursetja í talsvert land, en óvíst um áframhald), Múlastaðir í Flókadal, Kollslækur og Arnheiðarstaðir í Hálsasveit, Helgafell, Saurar og Svelgsá í Helgafellssveit, Þverá í Eyja-og Miklaholtshreppi, Lækjarbugur í Borgarbyggð, Kleifar í Saurbæ, Jafnaskarð, Borgir og Brúarreykir í Stafholtstungum, Geirshlíð í Hörðudal, Háafell í Miðdölum, Gandheimar og Leirá í Hvalfjarðarsveit, Syðstu-Fossar í Andakíl eða samtals 20 jarðir.

Samtals hafa verið gerðir samningar við eigendur 110 jarða. Af þeim var samningi aflýst fyrir eina, tvær eru í frysti vegna vanefnda, 20 er ólíklegt að verði gróðursett á eða gróðursetningu er hætt, án þess að lokið hafi verið við að gróðursetja í samningsbundið land, en 12 eru búnar með landið. Á sumum hinna síðastnefndu gæti komið til greina að bæta við landi. Eftir standa 75 jarðir, sem geta talist virkar. Undanfarin ár hefur árlega verið gróðursett á nálægt 60 jörðum hvert ár. Sá fjöldi jarða, þar sem gerður var samningur og ræktunaráætlun, án þess að farið væri út í framkvæmdir, sýnir, að flýta verður sér hægt í að gera samninga við þá sem sækja um að komast í Vesturlandsskóga, enda of dýrt að gera samning og ræktunaráætlun, sem er á glækastað. Því miður neyddumst við í upphafi til að hefja framkvæmdir, áður en fyrir lágu gerðir samningar, enda dróst að staðlað samningsform yrði til í samstarfi landshlutaverkefnanna og Landbúnaðarráðuneytisins. Einnig voru gerðar ræktunaráætlanir, áður en samningur lá fyrir. A.m.k. tvær ræktunaráætlanir voru gerðar við jarðir, þar sem ekki varð úr samningsgerð. Ýmislegt getur orðið til þess, að fólk skipti um skoðun. En til þess að minnka þarflausan kostnað, er nauðsynlegt að finna hinn gullna meðalveg milli þess að láta menn bíða fulllengi og þess að gera samning of fljótt, eftir að menn sækja um.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt.


Á árinu 2011 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga liðlega 324 þúsund plöntur á 62 jörðum. Þetta er 36 % minnkun á fjölda gróðursettra plantna frá árinu áður. Áframhaldandi samdrætti í fjárveitingum var því mætt, m.a. með færri gróðursettum plöntum. Má segja, að það hafi komið sér vel, að miklu minna kom af plöntum frá einum framleiðendanna en efni stóðu til. Þar munaði á annað hundrað þúsund plöntum. Því varð rekstrarkostnaður nokkurn veginn innan fjárheimilda, þrátt fyrir mikinn niðurskurð.

Aðeins voru lagðir 5,4 km af skjólbeltaplanti þetta árið. Eins og áður voru menn hvattir til að bæta í skjólbeltarækt, þar sem afföll höfðu orðið. Tókst að útvega talsvert af reyniviði að þessu sinni, til íbóta í skjólbelti, en einnig selju, koparreyni, auk aspar og víðistiklinga, alls 9.750 stk.

Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Stafafura:	113.960 eða 35,16%
Sitkagreni/-bastaður:	129.300 eða 39,88%
Ilmbjörk:	17.984 eða 5,55%
Alaskaösp:	20.120 eða 6,21%
Elri:	5.740 eða 1,77%
Lindifura:	7.799 eða 2,41%
Lerki:	25.160 eða 7,76%
Aðrar tegundir:	4.085 eða 1,26%

Í töflu I, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðir eftir tegundum, á jörðum sem eru í nytjaskógrækt.



Í Töflu II má sjá, hvernig skjólbeltaræktin skiptist milli jarða og tegunda trjáa og runna.

Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákorn”. Voru menn hvattir til að dreifa 10 g kringum hverja greniplöntu, en 5 g kringum aðrar plöntur. Þó var mönnum ráðlagt að bera ekki á, þar sem handfleckjað var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum.

Jarðvinnsla

Um fjórir ha af grasgefnu framræstu mýrlendi voru plægðir á Úlfsstöðum á þessu ári.

Kortlagning og áætlanagerð.

Engin ræktunaráætlun var gerð á árinu. Hins vegar skila Vesturlandsskógar árlega til Mógilsár (Arnórs Snorrasonar og Björns Traustasonar) yfirliti yfir ný gróðursetningarsvæði á GIS formati, þar sem nýjar gróðursetningar eru greindar til tegunda.

Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.

Framkvæmdastjóri tók þátt í námskeiði í Danmörku, aðallega í grennd við skógskólann í Nödebo um mánaðamótin febrúar-mars, þar sem umfjöllunarefnið var nýting timburs í smáum stíl úr skógi og grisjun skóga mismunandi tegunda. Skjólaskógar á Vestfjörðum stóðu fyrir fagraðstefnu skógræktar þetta árið í samstarfi við Mógilsá, Skógræktarfélag Íslands, Skógfræðingafélagið og LBHÍ. Ráðstefnan var haldin 23.-25. mars og var meginumfjöllunarefnið „Straumar og stefnur í ræktun sitkagrenis eða birkis í fjölnytjaskógrækt – með áherslu á viðarnytjar“. Fræðast má nánar um ráðstefnuna og fyrirlestra á www.skogur.is undir rannsóknir og ráðstefnur. Krækja þangað er: <http://www.skogur.is/rannsoknir-og-verkefni/radstefnur/radstefnur-arid-2011/fagradstefna-skograektar-2011>

Ráðstefnugestir fóru í skoðunarferð í Laugarbóllsskóg í Ísafirði.

Starfsmenn sóttu ráðstefnu sem „Ár skóga 2011“, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Íslands, LSE, Nýsköðunarmiðstöð og IKEA héldu á Hótel Sögu 28. apríl undir yfirskriftinni „Íslenska skógarauðlindin“. Var áherslan þar á viðarnýtingu af ýmsu tagi og framtíðarmöguleika. Slóðin á ráðstefnuna er: <http://www.skogur.is/rannsoknir-og-verkefni/radstefnur/radstefnur-arid-2011/islenska-skogaraudlindin/>

Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnuna „Heimsins græna gull“, sem haldin var í Hörpu 22. október. Þar var íslensk skógrækt sett í alþjóðlegt samhengi með aðkomu fyrirlesara, sem skoðuðu málin frá sjónarhóli Íslands, Svíþjóðar, Írlands, Evrópu og SP (FAO). Slóðin er: <http://www.skogur.is/rannsoknir-og-verkefni/radstefnur/radstefnur-arid-2011/heimsins-graena-gull>

Í október fór frkv.stj. auk þess í boðsferð til Hörðalands í Noregi, ásamt 16 öðrum Íslendingum í boði fylkismannsins í Hörðalandi, Lars Sponheim. Ferðin var fjögurra náttu en fimm daga og óhemju lærdómsrík. Skýrsla um ferðina verður birt í ársskýrslu Skógræktar ríkisins fyrir árið 2011, sem kemur út á árinu 2012 og verður aðgengileg þar á slóðinni: www.skogur.is Guðmundur Sigurðsson sótti fræðaping landbúnaðarins þetta árið.



Vörubróun: Útileguskýli framleitt hjá tveggja manna sögunarmyllu á Jótlandi.

Nemendur sem hófu nám í Grænni skógum vorið 2009 útskrifuðust að Reykjum 26. nóvember 2011. Þetta var í annað skiptið, sem skógarbændur af Vesturlandi útskrifast úr Grænni Skógum.

Að þessu sinni voru þeir reyndar samferða skógarbændum o.fl. af Suðurlandi. Fyrir útskriftina kynntu nemendur ritgerðir sem þeir höfðu skilað og að því loknu bauð Landbúnaðarháskólinn til veitinga og útskriftarnemum voru færðar gjafir. Eftirfarandi námskeið voru haldin á árinu: “Umhirða skóga;” “Skjólbelti;” “Ræktun jólatrjáa;” “Skógarhöggstækni;”, “Fornminjar og náttúruvernd”.

Þann 23. september 2011 var farið á stað með nýja námskeiðaröð Grænni skóga 1. Námskeið, sem haldin voru á árinu, voru eftirfarandi: “Skógur og vistkerfi;” “Undirbúningur lands til skógræktar” og “Trjátegundir”.

Nemendur Grænni skóga 2 fóru í apríl til Danmerkur á skógræktarnámskeið á vegum danska Landbúnaðarháskólans. Önnur námskeið, sem haldin voru á árinu, voru eftirfarandi: “Ýmsar afurðir skógarins;” “Greina- og skjólbeltaklipping” og “Kolefnisbinding”.

Allir hóparnir eru bæði frá Suður- og Vesturlandsskógum. Námskeiðin voru ýmist haldin á Hvanneyri eða á Reykjum. Námskeiðin eru á vegum endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands. Umsjónarmaður námskeiðanna er Björgvin Örn Eggertsson hjá LbhÍ . Tengiliður við Vesturlandsskóga er Guðmundur Sigurðsson.

Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Guðmundur Sigurðsson sér um hana. Er fólk hvatt til að kynna sér heimasíðuna. Þar er m.a. ársskýrslurnar að finna og auðvelt að komast þaðan á aðrar forvitnilegar skógar slóðir. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>



Risapínur (Abies grandis) hefur vaxið vel og áfallalaust á Jótlandi. Dæmi um vel heppnaða aðlögun innfluttrar tegundar í nýjum heimkynnum.

Tafla I

Tafla II

Viðauki I.

Fundargerðir stjórnar Vesturlandsskóga.

45. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

haldinn í Hvannahúsinu 15. febrúar 2011.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; stjórnarmennirnir Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson; Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn hófst 13.20

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
2. Sigvaldi gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 58.5 milj.kr. fjárheimildum til Vesturlandsskóga á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að nota á árinu 8 milj. kr. af ónýttum fjárheimildum uppá 10.5 milj. kr. frá fyrri árum. Greiðslur til bænda eru áætlaðar 36 milj. kr. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að leggja 1.milj. kr. í rannsóknir. Fjárhagsáætlunin var samþykkt.
3. Lilja Magnúsdóttir, skógfræðingur, hefur sótt um styrk til mastersverkefnis, þar sem hún er að rannsaka afleidd störf, sem verða til við landshlutaverkefnin. Samþykkt var að styrkja Lilju um kr. 100.000
4. Umsögn Vesturlandsskóga um frumvarp til breytingar á náttúruverndarlögum. Formaður Vesturlandsskóga skrifaði undir athugasemdir um breytingarnar á lögnum ásamt öðrum í skógargeiranum. Ekki er talin ástæða til að senda að svo stöddu athugasemdir frá Vesturlandsskógum, en fylgjast vel með framvindu málsins.
5. Athugasemdir vegna aðalskipulagsáætlunar Borgarbyggðar 2010-2022. Sigvaldi sendi athugasemdir fyrir hönd Vesturlandsskóga til Borgarbyggðar. Svar hefur borist frá Borgarbyggð og var nær ekkert tillit tekið til athugasemda frá Vesturlandsskógum.
6. Samþykkt var að greiða starfsmönnum allt að kr. 15000 til líkamsræktar, gegn framvísun reikninga og styrk til kaupa á hlífðarfatnaðar eftir þörfum, samkvæmt kjarasamningum.
7. Fagráðstefna skógræktarinnar verður haldin að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp daganna 23.-25. mars 2011. Stefnt er að því að starfsmenn og stjórnarmenn Vesturlandsskóga sækja ráðstefuna.
8. Námskeið varðandi nýtingu timburs, þar sem það fellur til í smáum stíl, verður haldið í Danmörku um næstu mánaðarmót. Ákveðið var að Sigvaldi færi á námskeiðið.

9. Önnur mál. Rætt var um að ráða sumarstarfsmann, hugmyndir eru um að ráða mann til að gera ræktunaráætlanir í 1-3 mánuði í sumar. Sigvalda falið að skoða hvern hægt væri að fá til verksins. Sigvaldi gerði grein fyrir fundi með fjármálaráðherra um að ná samkomulagi við Norðmenn um að þeir greiði fyrir bindingu kolefnis í skógi hér á landi og fjármagni landshlutaverkefnin þannig. Þann fund sóttu, auk Sigvalda, Guðbrandur Brynjúlfsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson.

Fundi slitið kl. 15.55

Guðmundur Sigurðsson fundarritari.

46. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

haldinn að Hvanneyrargötu 3 fimmtudaginn 19. maí 2011.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Arnlín Óladóttir sem er ný í stjórn sem fulltrúi Skógræktar ríkisins í stað Birgis Haukssonar. Einnig Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð. Fundurinn hófst kl.14.00

Í upphafi fundar bauð Guðbrandur Arnlín velkomna í stjórnina og þakkaði Birgi fyrir hans störf innan stjórnar. Birgir komst ekki á fundinn, en sendi fundarmönnum góðar kveðjur með þakklæti fyrir samstarfið.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt án athugasemda.
2. Skipting plantna milli skógarbænda. Sigvaldi gerði grein fyrir úthlutun plantna nú í vor. Pantaðar plöntur af skógarbændum voru 640 þúsund. Áætlað er að hafa fjármagn til kaupa á um 400-450 þúsund plöntum í ár. Nú í vor var úthlutað 349.810 plöntum. Sérstaklega er mikið beðið um stafafuru, en ekki er hægt að verða við ítrustu óskum, enda ekki gert ráð fyrir að kaupa nema líðlega 100.000 plöntur af stafafuru í ár. Eins vantar nokkuð uppá á að hægt verði að afgreiða allt það birki og lerki, sem óskað var eftir. Að hluta til er það vegna þess að Vesturlandsskógar fá afarlítið af birki og lerki frá Lágafelli. Nóg er til af sitkagreni og ösp og geta þeir fengið, sem það pöntuðu. Til viðbótar kemur nokkurt magn af lindifuru, elritegundum og ilmreyni.
3. Sigvaldi fór nokkrum orðum yfir stöðu Vesturlandsskóga, hvaða jarðir eru í verkefninu og hve mikið er búið að gróðursetja. Allnokkrar jarðir hafa verið á biðlista eftir að komast í Vesturlandsskóga. Eftirtaldar jarðir voru samþykktar í Vesturlandsskóga, og er stefnt á að vinna ræktunaráætlun fyrir þær í sumar. Jarðirnar eru: Ánastaðir í Borgarbyggð, Brekka í Hvalfjarðarsveit, Aðalvík í Hvalfjarðarsveit, Kirkjuból í Hvítársíðu, viðbót. Kolsstaðir í Dalabyggð. Reynikelda á Skarðsströnd. Rauðkollsstaðir í Eyja og Miklaholtshreppi, viðbót.
4. Samstarf við Mógilsá um tilraunir. Ákveðið var að skoða kynbætur á hengibjörk og stafafuru og samanburð á kjötmjöli og tilbúnum áburði. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samvinnu við Mógilsármenn í samræmi við samþykkt síðasta fundar.
5. Guðbrandur hefur óskað eftir fundi með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ásamt formönnum og framkvæmdastjórum verkefnanna. Ekki er kominn dagsetning á hvenær fundurinn verður.
6. Önnur mál voru engin

Guðmundur Sigurðsson
fundarritari

47. fundur stjórnar Vesturlandsskóga.

haldinn að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri 14.10.2011.

Mættir: Stjórnarmennirnir, Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; Arnlín Óladóttir og Þórarinn Svavarsson; starfsmenn Vesturlandsskóga þeir Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt athugasemdarlaust.
2. Sigvaldi greindi frá starfinu í sumar. Áætlað er að tæplega 400 þús. plöntur hafi verið gróðursettar í ár. Ræktunaráætlanir voru gerðar fyrir 6 skógarbændur í sumar, þar af er um að ræða nýtt samningsform og viðbótarland á fjórum jörðum, sem voru með samning fyrir. Valdimar Reynisson gerði áætlanirnar fyrir Vesturlandsskóga.
3. Framkvæmdarstjóri hefur gert samningu við Jón Hjartarson á Breiðabólstað í Sökkólfsdal um að hann leggi til plöntu á móti hverri plöntu, sem Vesturlandsskógar láta í té og kosti auk þess gróðursetningu á plöntunum, sem hann kaupir sjálfur. Á næsta ári fær Jón 60 þúsund plöntur frá Vesturlandsskógum.
4. Nýjar jarðir, sem voru teknar inn inn í Vesturlandsskóga á árinu 2011, eru: Ánastaðir í Borgarbyggð og Aðalvík í Hvalfjarðarsveit. Stækkað skógræktarsvæði á Rauðkollsstöðum og Söðulsholti í Eyja- og Miklaholtshreppi, Kirkjubóli í Hvítársíðu og Innra-Leiti í Dalabyggð. Eftirtaldar jarðir eru á biðlista: Brekka í Hvalfirði, Hrafnhólar á Kjalarnesi, Kolsstaðir í Dalabyggð, Straumfjörður í Borgarbyggð, Stapasel í Borgarbyggð, Melur í Staðarsveit og Stóri Langidalur á Skógarströnd.
5. Staða útboðsmála vegna plöntufamleiðslu fyrir Vesturlandsskóga. Þar sem kostnaður við plöntukaup er áætlaður innan 6,2 milj. kr. hjá einstökum framleiðendum fyrir Vesturlandsskóga á árinu 2013, er ekki skylt að leita útboða vegna plöntukaupa. Rætt var um plöntugæði og mikilvægi þess að tryggja bændum góðar plöntur. Framkvæmdastjóri ræddi hugmynd sína um að auka fjölbreytileika í skógunum með því að kaupa lítið magn af lítt reyndum tegundum, sem þarfnast skjóls, til að gróðursetja inn í skóga, sem aðeins eru farnir að veita skjól.
6. Sigvaldi sagði frá fundi með stjórnendum Járnblendiverkssmiðjunnar á Grundartanga um mögulega framleiðslu skógræktaraðila á viði sem kolefnisgjafa fyrir Járnblendisverksmiðjuna næstu ár og áratugi. Stjórnendur verksmiðjunnar hafa lýst áhuga á að kaupa framleiðslu skógarbænda á svæðinu í framtíðinni og helst strax í dag.
7. Sigvaldi gerði grein fyrir ferð, sem hann fór til Noregs í byrjun október og lagði fram skýslu um ferðina. Stjórnin samþykkti að styrkja ferðina þegar fyrir liggur, hve mikinn kostnað Sigvaldi þarf að bera.
8. Fjárlagafrumvarp vegna næsta árs gerir ráð fyrir lökkun á fjárveitingum um 500 þúsundir króna til Vesturlandsskóga miðað við árið 2011.

9. Laun stjórnarmanna Vesturlandsskóga: Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið hefur úrskurðað, að laun stjórnarformanns verði 25 þús. á fund og 15 þús. fyrir aðra stjórnarmenn og akstur greiddur samkvæmt taxta ríkisins.
10. Önnur mál. Guðbrandur spurði um ársskýrslu 2009 og 2010 og um erindisbréf framkvæmdastjóra. Sigvaldi sagðist vera kominn af stað með skýrslurnar og gengi frá þeim þegar uppgjörsvinnu vegna bókhalds væri lokið. Mögulegt er að gefa út saman ársskýrslu 2009 og 2010. Gefið var út erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra þann 5. apríl 2000 og er það í vörslu á skrifstofu Vesturlandsskóga.

Að eigin frumkvæði hefur Sigvaldi óskað eftir, að föst yfirvinna sem hann hefur fengið falli niður frá áramótum.

Guðbrandur ræddi þann möguleika að fara í heimsókn til skógarbænda svipað og undan farin ár. Samþykkt var að stjórn og stafsmenn færu í Reykholtssdal, Hálsaveit og Hvítársíðu mánudaginn 24. október. nk. í heimsókn til skógarbænda. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.20

Guðmundur Sigurðsson
fundarritari

Viðauki II

Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2011.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2011

Í þúsundum króna:	Reikningur 2011	Reikningur 2010
Tekjur		
Sértekjur	4.591	2.499.688
Tekjur samtals	4.591	2.499.688
 Gjöld:		
Almennur rekstur	54.742.737	68.249.731
 Gjöld samtals:	54.742.737	68.249.731
 Gjöld umfram tekjur samtals ...	54.738.146	65.750.043
 Framlag úr ríkissjóði:	51.200.000	55.500.000
 Hagnaður/- tap ársins:	-3.538.146	-10.250.043

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Reikningur 2011	Reikningur 2010
Eignir		
Fastafjármunir samtals	0	0
 Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	131.792	225.041
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	8.990.291	23.135.447
Handbært fé	970.805	1.246.507
Veltufjármunir samtals	10.092.888	24.606.995
 Eignir samtals:	10.092.888	24.606.995

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé

Höfuðstóll

Staða í ársbyrjun	8.287.877	18.537.920
Breyting vegna lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/-tap ársins	-3.538.146	-10.250.043
Höfuðstóll í árslok	4.749.731	8.287.877

Annað eigið fé 0 0

Eigið fé í árslok 4.749.731 8.287.877

Langtímaskuldir samtals 0 0

Skammtímaskuldir

Yfirdráttur á bankareikningi	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	0
Skammtímalántökur	0	0
Viðskiptaskuldir	5.343.157	16.319.118
Skammtímaskuldir samtals	5.343.157	16.319.118

Skuldir samtals 5.343.157 16.319.118

Eigið fé og skuldir í árslok 10.092.888 24.606.995